AFSTÖÐUMYND 1:500

SKJÓLGARÐUR

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN

Megininntak tillögu
Megininntakið er 2ja hæða viðbygging við Skjólgarð, núverandi hjúkrunarheimili, tengd við hana með tengigangi á efri hæð. Samkomusalur og skrifstofur liggja að götu en tveggja hæða íbúðaálma stendur neðar í lóðinni nær fjöru.

Tillagan sameinar skýra formgerð og rýmisupplifun þar sem tengsl nýbyggingar, eldra húss og einstæðrar náttúrunnar umhverfis eru í forgrunni. Yfirbragð viðbyggingarinnar er látlaust, léttleiki er í fyrirrúmi, hæð og hlutföll byggingarinnar laga sig að Skjólgarði og byggðinni umhverfis.

Helstu forsendur
Um er að ræða viðbyggingu við núverandi hjúkrunarheimili og heilsugæslustöð sem þjónað hafa Hornafirði og nærsveitum um áratuga skeið. Mikilvægt er að viðbygging myndi sterka og samstæða heild með byggingum sem fyrir eru en njóti um leið nálægðar við einstæða náttúruna umhverfis. Áskiliið er að viðbygging uppfylli þær væntingar sem gerðar eru til hjúkrunarheimila dagsins í dag þar sem lögð er áhersla á að skapa aðstæður sem líkjast einkaheimilum eins og kostur er. Rýmisáætlun gerir grein fyrir nauðsyn eðlilegs samhengis í innri starfsemi.

Markmið
Að mynda eðlileg og auðskilin innri tengsl í lifandi umgjörð þar sem ólík rými mætast með óþvinguðum hætti.
Að skapa örvandi umhverfi sem eykur á vellíðan heimilisfólks, starfsmanna og gesta.
Að auka gæði umhverfisins í þágu aðliggjandi byggðar.
Að heimilisfólk njóti náttúrunnar umhverfis eins og kostur er.
Að skapa hagkvæma byggingu í gerð og rekstri, efnisvali og viðhaldi.
Að tryggja aðgengi allra eins og kostur er og leysa öryggismál án þess að gæði byggingarinnar rýrni.

Byggingin
Grunnhugmynd tillögunnar byggir á einnar hæðar byggingu meðfram götu sem myndar aðkomuhlið en tveggja hæða íbúðaálma liggur aftar í lóð, henni fylgja skjólsæl útisvæði í nábýli við náttúruna umhverfis. Segja má að viðbyggingin samanstandi af tveimur byggingarhlutum, frambyggingu og bakhúsi. Við mótun útlita, þ.m.t. smávægilegum breytingum á eldra húsi er leitast við að gamalt og nýtt mætist með áreynslulausum hætti. Timburklæðningar koma á valda fleti byggingarinnar, t.a.m. við útivistarsvæði, og gefa henni hlýlegt yfirbragð.

Efri hæð
Komið er að nýjum aðalinngangi, sunnan eldra húss, frá Víkurbraut þar sem bjart og aðlaðandi biðrými nýtist heimilisfólki og gestkomandi. Úr anddyri er gengt inn á „Miðtorg“ á milli viðbyggingar og eldra húss. Þarna er steinlögð flöt í dag sem nýtist áfram en fær aukið hlutverk sem útisamkomustaður alls heimilisins. Stigahús og lyfta eru við inngang en eru jafnframt staðsett við tengigang að eldra húsi þannig að flæði um byggingarnar og samnýting þeirra verði með sem eðlilegustum og skilvirkustum hætti. Staðsetning gerir jafnframt að verkum að aðgengi íbúðaálma að ólíkum útivistarrýmum er einfalt. Skrifstofa og fundarherbergi koma sunnan megin við inngang og fjær dagvist og fjölnotasalur, sýnd sem eitt rými, en sem auðvelt væri að skipta upp með fellivegg. Verönd fjölnotasalar nýtur sólar og útsýnis á góðviðrisdögum.
Efri hæð nýrrar íbúðaálmu liggur að stiga og lyftukjarna.
Sameiginlegt rými heimilisfólks, eldhús, borðstofa og setustofa, er miðlægt, skjólgóðar svalir liggja að suðurhlið og eins eru svalir norðan megin þaðan sem nýtur útsýnis yfir fjörðinn. Það mætti loka þeim að hluta með glerbyggingu á báðum hæðum síðar meir. Íbúðir bjóða upp á ólíka valkosti fyrir staðsetningu á svefnaðstöðu og setustofu og lögð er áhersla á gott aðgengi að baðherbergi. Útbyggðir gluggar í setheað auka rýmd íbúða, þar má tylla sér niður og njóta útsýnis. Inngangur íbúða er inndreginn sem eykur tilfinningu fyrir sérbýli. Útgengt er úr íbúðum sem liggja að Miðtorgi en einnig er aðgangur frá sameiginlegu rými um svalir.
Lagt er til að íbúðarálma komi í vesturenda húss sem fyrir er og að sameiginlegt rými liggi að Miðtorgi þannig að íbúðaálmur myndi eina heild. Gert er ráð fyrir sjúkrarýmum og eldhúsi í austurenda, þessi staðsetning eldhúss gerir að verkum að núverandi þjónustuaðkoma, með séraðgengi frá götu, nýtist áfram. Hárgreiðslustofa og sjúkraþjálfun liggja að aðalinngangi.

Neðri hæð
Tæknirými og búningsherbergjum starfsmanna er ætlaður staður á neðri hæð eldra húss. Stutt er í búningsherbergi frá hjólageymslu. Fyrirkomulag íbúðarálmu er með líkum hætti og á efri hæð. Skjólgóð verönd liggur að suðurhlið, vel fallin til útivistar og ræktunar. Útgengt er á verönd úr íbúðum neðri hæðar þeim megin.
Kapellu og líkgeymslu er ætlaður staður næst stigakjarna, kapellan er miðsvæðis en víkur um leið lítillega úr alfaraleið, garður framan við styrkir tilfinninguna fyrir sérstöðu hennar. Hún er með aukinni lofthæð, strýtulaga ljósop veitir ofanbirtu og er um leið fíngert kennileiti frá götu séð. Sýnilegir útveggir eru klæddir gabbrói sem einkennir fjöllin í kring.

Byggingarlýsing
Burðarvirki byggingarinnar eru úr steinsteypu. Steinsteypt þök er einangruð að ofan, klædd með viðurkenndum þakdúk og tyrfð. Byggingin er einangruð að utan og klædd trefjasteypuplötum með slípaðri áferð í því sem næst hvítum lit. Útveggir kapellu eru klæddir tilhöggnu gabbrói. Gluggar eru úr tré eða ál/tré. Öryggisgler koma í glugga þar sem við á. Gólf eru klædd einlita linoleumdúk (vinyldúk þar sem álags gætir). Gert er ráð fyrir gegnheilum viðargólfum í völdum rýmum svo sem í fjölnotasal. Innveggir eru ýmist málaðir gifsveggir (votrúmsgifs þar sem við á) eða klæddir spónlögðum veggjaþiljum við innganga íbúða og steyptir innveggir úr sjónsteypu á völdum stöðum. Hljóðísogsplötur koma í niðurtekin loft og spónlagðir rimlar yfir setustofu og borðstofu íbúa.

Kostnaðargát er leiðbeinandi við efnisval og útfærslur eru einfaldar og látlausar um leið og lögð er áhersla á sjálfbærni og vistvænar lausnir. Umhverfisvottuð byggingarefni skulu notuð eftir föngum, innlend þar sem því verður við komið, og haft skal í huga að viðhaldsþörf sé í lágmarki. Byggingarefni skulu endurnýtanleg eins og kostur er.

Vélræn loftræsting verður í byggingunni þar sem þörf krefur en leitast er við að hún verði loftræst náttúrulega eins og kostur er. Gler í útveggjum verður valið með það í huga að draga úr sólarálagi.

Hönnun lýsingar og rafkerfa miðar að því að orkunotkun verði í lágmarki. Íverusvæði njóta almennt dagsbirtu sem dregur úr þörf fyrir raflýsingu.
Vatnslagnir eru hannaðar með það í huga að notkun vatns sé stillt í hóf, þannig eru blöndunartæki og salerni vatnssparandi.
Tæknirými koma á neðri hæð. Láréttar lagnir eru í niðurteknum loftum þar sem þörf krefur.
Í viðbyggingu og þar sem breytingar verða á notkun eldra húss verður hugað að vönduðum lausnum sem tryggja góða hljóðvist og stuðla að rólegu andrúmslofti.

Lóð
Á framlóð skiptast á grasflatir og hellulagðar flatir, stoðveggur meðfram lóðamörkum styrkir götumynd og auðveldar hæðaraðlögun. Lagt er til að núverandi gólf útirýmis suðvestan við hús verði endurnýjað og þjóni hlutverki útitorgs. Gönguleið er frá torginu að sjávarstíg. Lögð er sérstök áhersla að verönd gegnt stigakjarna veiti tækifæri til fjölbreyttrar útiveru. Þar mætti hugsa sér beð til gróðursetningar og aðstöðu til líkamsþjálfunar í morgunsólinni. Skjólgóð verönd liggur að miðrými íbúðarálmu. Akfært er að hurð gengt stigakjarna á neðri hæð.

Helstu stærðir

Heimili (Einingar)		
Eldra húsnæði		667
Nýtt hús		1.283
Samtals með umferðarrými, inn- og útveggi og fleira (35%)	**samtals**	**1.950**
Viðbótarrými		
Eldra húsnæði		105
Nýtt hús		169
Samtals með umferðarrými, inn- og útveggi og fleira (25%)	**samtals**	**274**
Brúttóstærð tillögu		**2.247**



ÚTIRÝMI



ÚTSÝNI



SKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:2000



FYRIRKOMULAG

6366116



GRUNNMYND EFRI HÆÐAR 1:200



TVEGGJA MANNA ÍBÚÐ 1:100

SVEIGJANLEGT FYRIRKOMULAG 1:100

GRUNNMYND NEÐRI HÆÐAR 1:200

1 Anddyri
2 Borðstofa / setustofa / eldhús
3 Íbúð
4 Starfsfólk / hjúkrunarvakt
5 Lyf
6 Þvottur / skol
7 Ræsting
8 Snyrting starfsfólks
9 Snyrting
10 Fjólnota salur / iðjuþjálfun / dagvist
11 Fundarherbergi
12 Skrifstofa
13 Hár- og snyrtistofa
14 Sjúkraþjálfun
15 Sjúkrabað
16 Sjúkrastofa
17 Hjálpartækjageymsla
18 Eldhús
19 Kapella
20 Líkhús
21 Búningsklefi starfsfólks
22 Tæknirými
23 Hjólageymsla
24 Sorpgeymsla

6366116



SJÓN - OG HREYFIÁSAR EFRI HÆÐ



SJÓN - OG HREYFIÁSAR NEÐRI HÆÐ



AÐKOMA OG FLÆÐI EFRI HÆÐ



AÐKOMA OG FLÆÐI NEÐRI HÆÐ





ÚTLIT SUÐUR 1:200



ÚTLIT AUSTUR 1:200

ÚTLIT VESTUR 1:200

6366116



SKURÐMYND A-A 1:200

SKURÐMYND D-D 1:200



SKURÐMYND B-B 1:200



SKURÐMYND E-E 1:200



SKURÐMYND C-C 1:200

SKURÐMYND F-F 1:200

6366116